

Fundargerð Skólaráðs Fossvogsskóla föstudaginn 20. nóvember 2020

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mætt: Karl og Agnar fulltrúar foreldra, Guðrún Þ. og Halla fulltrúar kennara, Ingibjörg Ýr og Árni Freyr skólastjórnendur.

Fundarritari: Árni

Efni fundar:

1. Síðasta fundargerð lesin og lögð fram til samþykktar
2. Verðlaunahafar íslenskuverðlauna unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík í tilefni af degi íslenskrar tungu
3. Niðurstöður Skólapúlsins
4. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
5. Viðurkenning
6. Húsnæðismál
 - a. Þrif
 - b. Sýnatökur
 - c. Samskipti á milli foreldra og skóla um húsnæðismál skólans
7. Önnur mál.

1. Síðasta fundargerð lesin og hún samþykkt.
2. Íslensku verðlaun á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Anna Vigdís í 3. bekk og Fríða María voru tilnefndar af skólanum og fengu verðlaun sem skólastjóri afhenti þeim.
3. Niðurstöður Skólapúlsins í 6. og 7. bekk kynntar. Almennt kom skólinn vel út. Niðurstöður eru inn á heimasíðu skólans undir Skólinn-Mat á skólastarfi.
4. Kynntar voru niðurstöður samræmda prófa í 4. og 7. bekk. Komu mjög vel út í báðum árgöngum.
5. Ísabella í 7. bekk fékk viðurkenningu fyrir smásögu sína Gulu stígvélin í smásagnakeppni Kennarasambands Íslands í tilefni af Alþjóðadegi kennara 5. október.
6. Húsnæðismál:
 - a. Búið er að þrifa húsnæði skólans 3x á síðustu vikum.
 - b. Tekin voru sýni í loftræstistokkum skólans. Nú er verið að taka sýni í skólanum sem lofað var af USK. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í næstu viku.
 - c. Rætt um bréf frá foreldrafélagi Fossvogsskóla (FFF) til USK og SFS þar sem farið er fram á að aðili á vegum FFF fái að koma að sýnatökunni sem nefnd er hér að ofan. Enn hefur ekki borist svar frá USK og SFS og eru fulltrúar foreldra og kennara í ráðinu ósáttir við það. Einnig eru fulltrúar foreldrar óhressir með það hvernig borgin hefur tekið á málefnum Fossvogsskóla vegna rakaskemmda og myglu í skólanum. Fleiri nemendur eru að veikjast og bregðast verði við strax.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hringdu í foreldra þeirra nemenda sem veikst hafa vegna loftgæðavandamála í skólanum. Alls voru það um tíu nemendur. Skólastjóri sagði að það væri óeðlilegt að hún hefði hjá sér heilsufars upplýsingar um ýmsa nemendur. Það ætti heima á heilsugæslunni.